

Skýrsla stjórnar Skólaskrifstofu Austurlands, flutt á 10. aðalfundi Skólaskrifstofunnar föstudaginn 14. október 2005 í Safnaðarheimilinu á Reyðarfirði.

Stjórn Skólaskrifstofu Austurlands sem nú lýkur starfstíma sínum var kjörin á 9. aðalfundi Skólaskrifstofunnar sem haldinn var hér á Reyðarfirði fyrir réttu ári, þann 15. október 2004. Í stjórnina voru kjörin Jósef Friðriksson, Austurbyggð, formaður, Ágústa Björnsdóttir Austur-Héraði, Jón Halldór Guðmundsson, Seyðisfirði, Björn Heiðar Sigurbjörnsson, Vopnafirði og Gunnlaugur Sverrisson, Fjarðabyggð. Þegar stjórnin skipti með sér verkum var Gunnlaugur Sverrisson kjörinn varaformaður og Jón Halldór Guðmundsson ritari. Með bréfi dags. 20. desember 2004 sagði Ágústa Björnsdóttir sig úr stjórninni vegna breytinga á persónulegum högum og eru henni þökkúð störf sín í þágu Skólaskrifstofunnar. Marianna Jóhannsdóttir Fljótsdalshéraði tók sæti hennar sem aðalmaður en að auki sat Sigfríður Þorsteinsdóttir einn fund sem varamaður á starfstíma stjórnarinnar.

Stjórnin hélt þrjá stjórnarfundi á starfsárinu, alla á skrifstofu Skólaskrifstofunnar á Reyðarfirði og hafa fundirnir aldrei verið jafn fáir á starfsári í sögu skrifstofunnar. Er þar ekki um að kenna fundarleti stjórnarmanna heldur til marks um að málefni skrifstofunnar séu í föstum skorðum og almenn sátt ríki um starfsemina. Það er þó ekki þar með sagt að starfsemi Skólaskrifstofunnar sé komin í endanlegar skorður, því alltaf er leitast við að bæta þjónustu hennar og efla.

Skeggjastaðahreppur ákvað um mitt ár að segja sig úr Byggðasamlaginu um Skólaskrifstofu Austurlands og tekur úrsögnin gildi um næstu áramót og mun hreppurinn sækja sína sérfræðiþjónustu við grunn- og leikskóla til Húsavíkur eftir þann tíma. Ákvörðun Skeggjastaðahrepps var tekin á grundvelli þess að hreppurinn leitaði leiða til að koma málefnum félagsþjónustu í hentugan og betri farveg og samkvæmt skilningi stjórnar Skólaskrifstofunnar er úrsögnin grundvölluð á samningi sem Skeggjastaðahreppur gerði við félags- og skólaþjónustu Þingeyinga en hann kveður á um að sérfræðivinna í félags- og skólamálum verði í höndum stofnunarinnar. Úrsögnin er því ekki á grunni óánægju um störf skrifstofunnar, heldur vegna þess að sveitarfélagið telur sig betur komið að sækja víðtækari þjónustu annað.

Aðildarsveitarfélögum Skólaskrifstofunnar hefur verið að fækka undanfarin ár vegna sameiningarkosninga. Í upphafi voru sveitarfélögin sem stóðu að skrifstofunni 22 en verða næsta vor átta talsins. Skólunum hefur þó ekki fækkað og málafjöldi eykst jafnt og þétt. Tilvísanir um mál sem koma til kasta Skólaskrifstofunnar eru nú orðin á sjötta hundrað á skólaári í samanburði við um 150 mál fyrsta starfsár skrifstofunnar 1996-1997.

Á síðasta aðalfundi Skólaskrifstofunnar var fjallað um skort á þjónustu talmeinafræðings á Austurlandi og var þá lýst áhyggjum stjórnar og starfsfólks á því. Skólaskrifstofan hefur haft aðgang að talmeinafræðingi til að vinna greiningar, en nú er svo komið að sá aðgangur verður takmarkaður þetta skólaárið og hefur forstöðumaður og stjórn unnið að því að leita leiða til að bæta úr því, svo og að kanna möguleika á að ráða talmeinafræðing að skrifstofunni. Í lok mars var aðildarsveitarfélögunum send áskorun um að mæta brýnni þörf um aukna þjónustu talmeinafræðings á Austurlandi, þar sem farið var rækilega yfir þörfina á þjónustunni. Þar kom fram að rúmlega 15 % leikskólabarna eða 76 börn og um 4 % grunnskólabarna eða 60 börn á Austurlandi eiga við framburðarvandamál að stríða og

Þar að auki voru 3 % grunnskólabarna eða 38 börn greind með málproskaröskun. Samtals eru þetta 176 börn sem hafa engan aðgang að þjálfun sérmenntaðs starfsfólks hér á Austurlandi, þótt búast megi við að leik- og grunnskólakennarar í hverjum skóla reyni eftir mátti að sinna þjálfun auk þess sem einhver börn þurfa að ferðast um langan veg til að komast í þjálfun hjá talmeinafræðingum. Þess vegna voru það stjórn og starfsfólki Skólaskrifstofu Austurlands mikil vonbrigði að aðeins þrjú sveitarfélög svöruðu erindinu formlega. Í fjárhagsáætlun sem afgreidd verður hér síðar á fundinum er því ekki gert ráð fyrir neinu fjármagni hvað þetta varðar, en forstöðumaður og stjórn munu vinna áfram að málinu og væntanlega þrýsta á um að fá heimild til að koma þessum málum í betri farveg. Stjórn Skólaskrifstofunnar vill við þetta tækifæri hvetja sveitarstjórnarmenn til að gefa málefnum skrifstofunnar meiri gaum og a.m.k. svara erindum sem hún beinir að eigendum sínum – sveitarfélögum.

Skólaskrifstofa Austurlands hefur á að skipa úrvals starfsfólki stendur því traustum fótum faglega en einnig fjárhagslega. Þetta kemur vel í ljós þegar farið verður yfir fjárhagsáætlun og ársreikning hér á eftir. Þær breytingar hafa hinsvegar átt sér stað að nú er í fyrsta sinn gert ráð fyrir lífeyrisskuldbindingum í reikningum skrifstofunnar og aukast því skuldir hennar um rúmar níu milljónir króna. Skrifstofan á þó fé í sjóðum og þess vegna gefst okkur kostur á að skila fjárhagsáætlun næsta árs með um 5 milljóna króna halla sem þýðir að framlög sveitarfélaganna til reksturs skrifstofunnar aukast aðeins um 3,6 % þrátt fyrir talsvert hærri kostnaðarauka í rekstri hennar. Rétt er líka að benda á að tvær síðustu fjárhagsáætlanir voru afgreiddar þannig að framlög aðildarsveitarfélaganna hækkuðu ekkert. Það skal þó tekið skýrt fram hér að ekki verður hægt að skila rekstraráætlun Skólaskrifstofunnar með viðlíka halla næstu árin og sveitarfélögin verða því að búa sig undir það að hækkun framlaga verið mun meiri en þau hafa verið undanfarin þrjú ár, því fastlega má búast við auknum verkefnum skrifstofunnar með fleiri íbúum og fjölmennari skólum í kjölfar uppbyggingarinnar sem nú á sér stað víða um Austurland. Færsla lífeyrisskuldbindinga í reksturs- og efnahagsreikninga Skólaskrifstofunnar er til þess ætluð að eigendur byggðasamlagsins fái rétta mynd af kostnaðinum við rekstur hennar. Það er auðvelt fyrir eigendurna að segja í dag: „Við tökum á lífeyrisskuldbindingunni þegar þar að kemur“ og skila rekstraráætlunum Skólaskrifstofunnar með halla ár eftir ár sem leiðir þá af sér að gengið er á eigið fé skrifstofunnar. Þess vegna þarf mjög fljótlega að fara fram umræða um hvernig Skólaskrifstofan á að haga sínum málum varðandi lífeyrisskuldbindingar, til þess að stjórn og forstöðumaður hafi það á hreinu hvernig eigendurnir vilja haga þessum hlutum til framtíðar. Þessi umræða mun ekki fara fram hér á þessum aðalfundi nema e.t.v. að litlu leyti, enda hafa aðalfundarfulltrúar varla umboð frá sveitarstjórnnum sínum til þess og því er þessu velt upp hér til umhugsunar og mun stjórnin að líkindum kalla eftir viðbrögðum frá sveitarfélögum fyrir næsta aðalafund. Þá munu eigendurnir ekki komast hjá að svara erindinu.

Að lokum vil ég þakka forstöðumanni, starfsfólki og félögum mínum í stjórn Skólaskrifstofu Austurlands starfsárið 2004-2005 fyrir traust og gott samstarf.

F.h. stjórnar Skólaskrifstofu Austurlands

Jósef Friðriksson